Skólaráð Stóru-Vogaskóla

# Fundur nr. 7

Fundur hjá skólaráði Stóru-Vogaskóla haldinn mánudaginn 21. maí 2011 í Stóru-Vogaskóla kl. 14:00.

Mættir: Svava Bogadóttir (skólastjóri), Þorvaldur Örn Árnason og Hilmar Egill Sveinbjörnsson (fulltrúar kennara), Þórdís Símonardóttir (fulltrúi starfsmanna) og Aron Ingi Gestsson (fulltrúi nemenda).

**1. Skóladagatal 2012-2013**

Farið yfir skóladagatal næsta skólaárs. Rætt með að færa það sem fram fer 7. og 8. nóv. fram um einn dag til 6. og 7. nóv.

**2. Aðalnámskrá**

Ný aðalnámskrá fyrir grunnskóla rædd og þær áherslur sem þar eru boðaðar.

**3. Valgreinar í 8.-10. bekk**

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á valáfanga í 8. bekk og er það í fyrsta sinn sem það er gert.

**4. Skólalóð**

Skólalóðina þarf að laga. Húsvörður skólans skoði skólalóð í sumar og komi með hugmyndir um úrbætur. Það verður þó engu bætt við nema þá að fjármagn fáist til þess frá fyrirtækjum í bænum.

Guðmundur íþróttakennari hyggst einnig endurskoða og skipuleggja skólalóðina með vinnuhópi sem skilar hugmyndum að breytingum. Rætt um hvernig bæta megi körfuboltavöllinn sem notið hefur sífellt meiri vinsælda.

**5. Starfsmannamál**

Farið yfir starfsmannamál. Nýr aðstoðarskólastjóri var ráðinn í vikunni. Bókasafnsfræðingur og námsráðgjafi láta af störfum.

**6. Önnur mál**

- Styrkur frá Sprotasjóði – tengja skátastarf inní skólastarfið. Hugmyndir uppi um að nota bókina Kompás sem þjálfar lýðræðisleg vinnubrögð.
- Eineltismál – Lausnateymi er að endurskoða viðbragðsáætlanir.
- Grænfánaverkefni – er í biðstöðu.

Fundi slitið kl. 15:00